

**Fundargerð stjórnarfundar**

**Staður:** Grenimelur 44, Reykjavík

**Tími:** 21. febr. 2008, kl. 20 – 23

**Viðstaddir:** Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)  
Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)  
Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)  
Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE); Hannes Siggason (HS) formaður

**Forföll boðuðu:** Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK)

Frá Keldudal: Auðunn Oddsson (AO)

---

**Dagskrá fundarins var svohljóðandi:**

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar (Umsj: Ritari / EK)
  - 2) Upplýsingar frá brautafundum vegna GPS-mælinga sem brautarstjórar eiga að vera búnir að halda (Umsj: Brautastjórar/SMK; EK; KK; ERS; HE)
  - 3) Undirbúningur félagsfundar vegna kynningar á GPS-mælingum
  - 4) Þinglýst gögn vegna Keldudals, Álftagrófar og Fells – Samskipti við Sýslumanninn í Vík (Umsj. HS og KK)
  - 5) Skýrsla Gróðursetningarnefndar – gróðursetning 2007 – Landgræðsluskógar á Fellsmörk (Umsj. HS)
- \*\*\*\*\*Kaffihlé\*\*\*\*\*
- 6) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (Umsj: HE)
  - 7) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)
  - 8) Heimasíða félagsins (Umsj. ERS)
  - 9) Önnur mál (Allir)
- 

**1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

Í fjarveru ritara tók HS að sér að rita fundargerð.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar bíður afgreiðslu næsta stjórnarfundar af sömu ástæðu.

**2 Upplýsingar frá brautafundum vegna GPS-mælinga sem brautastjórar eiga að vera búnir að halda**

Heiðarbraut – Brautarstjóri SMK: Bíður eftir uppfærðum loftmyndum með breytingum frá Landnotum. Brautarstjóri mun boða til fundar með sínu fólki þegar breytt loftmynd hefur borist.

Gilbraut – Brautarstjóri EK: Árituð loftmynd með samþykki viðkomandi landnema liggur fyrir.

Hólsbraut – Brautarstjóri KK: Brautarstjóri hefur sent loftmynd með GPS-mælingum í tölvupósti til landnema brautarinnar. KK mun halda fund með landnemunum brautarinnar í næstu viku.

Dalbraut – Brautarstjóri HE: Árituð loftmynd með samþykki eina landnema brautarinnar (Jóni Högnasyni) liggur fyrir.

Keldudalur – Brautarstjóri HE: Athugasemdir frá landnemunum brautarinnar eru í vinnslu hjá Landnotum

Hlíðarbraut – Brautarstjóri ERS: Brautarstjóri hefur fundað með landnemunum brautarinnar. Eru að velta fyrir sér stækkun landanna. Niðurstaða liggur ekki fyrir. Brautarstjóri mun funda með landnemunum brautarinnar í næstu viku.

Krókur – Brautarstjóri HE: Skriflegt samþykki allra landnema brautarinnar liggur fyrir. Einu athugasemdirnar sem komu eru frá landi nr. 9. Það land er nær ómögulegt að stækka vegna legu þess. Landnemi þeirrar brautar hyggst því fara fram á lægri leigugjöld af þeim sökum. Honum hefur verið bent á að ræða það mál við framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Rvk.

### **3 Undirbúningur félagsfundar vegna kynningar á GPS-mælingum**

Rætt var um fyrirhugaðan félagsfund í mars. Tilgangur fundarins er að kynna GPS-mælingarnar með formlegum hætti. HS lagði áherslu á að fundinn væri aðeins ráðlegt að halda eftir að brautarstjórar hafa kynnt loftmyndir með GPS mælingum viðkomandi brautar fyrir landnemunum og skriflegt samþykki landnema brautarinnar liggur fyrir. KK taldi vel mögulegt að félagið fengi inni í fundarsal Félags frímerkjasafnara við Síðumúla. Rætt um mikilvægi þess að halda fundinn fyrir páska. Þá er það vikan 10. – 14. mars sem kemur til greina. KK mun upplýsa formann um hvenær salurinn er laus. Formaður mun senda út fundarboð að þeim skilyrðum uppfylltum sem hér hafa verið talin upp.

### **4 Þinglýst gögn vegna Keldudals, Álftagrófar og Fells – Samskipti við Sýslumanninn í Vík**

HS lagði fram ljósrit af þinglýstum skjölum sem tilheyra Álftagróf og Keldudal. Skjöl þessi voru fengin hjá Sýslumannsembættinu í Vík. Tilgangurinn með framlagningu þessara skjala er fyrst og fremst í upplýsingarskyni. HS afhenti KK kvittun frá Sýslumannsembættinu vegna greiðslu fyrir þessi skjöl.

### **5 Skýrsla Gróðursetningarnefndar – gróðursetning 2007 – Landgræðsluskógar á Fellsmörk**

HS lagði fram skýrslu Gróðursetningarnefndar félagsins fyrir árið 2007.

## ***Félag landnema á Fellsmörk (FLÁF)***

---

Skýrslan hafði verið send stjórnarmeðlimum FLÁF, framkvæmdastjóra SR og til tengiliða hjá Landgræðsluskógum. Einnig liggur hún á heimasíðu landnemafélagsins.

HS vakti athygli á tveimur atriðum sem betur mættu fara hjá landnemum varðandi Landgræðsluskógaverkefnið. Þau eru:

- Fólki þarf að virða landnemaáskamtinn.
- Tilgangur með því að gefa fólki leyfi til þess að taka plöntur að eigin vali eftir að tiltekinn frestur er liðinn var ekki sá að einstaka aðilar myndu hamstra plöntur. Algert skilyrði er að plönturnar séu gróðursettar í Fellsmörk!

### **6 Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda.**

HE sagði að engar fréttir væru af þessum málum.

### **7 Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)**

HE upplýsti að síðasti stjórnarfundur SR hafi verið 6. febr. s.l. SR er með áætlanir um aukna kynningu á skógrækt.

### **8. Heimasíða félagsins**

ERS upplýsti að skýrsla Gróðursetningarnefndar hefði verið sett inn á heimasíðuna.

### **9. Önnur mál**

Engin mál komu fram undir þessum lið.

Fundi slitið um kl. 23

Fundargerðina ritaði Hannes Siggason í fjarveru ritara.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

---

***Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkið:***